



Fræðslunefnd Blönduósþæjar - 15. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 24. maí 2016
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, formaður
Kristín Jóna Sigurðardóttir, aðalmaður
Bergþór Pálsson, aðalmaður
Guðmundur Haukur Jakobsson, varamaður
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri
Lilja Jóhanna Árnadóttir, áheyrnarfulltrúi kennara

Fundargerð ritaði: Kristín Jóna Sigurðardóttir

Dagskrá:

1. Skóladagatal Blönduskóla 2016 - 2017 - 1605029

Skólastjóri kynnti drög af skóladagatali næsta skólaárs. Nefndin samþykkur drögin fyrir sitt leyti.

2. Starfsmannamál Blönduskóla 2016 - 2017 – 1605030

Skólastjóri fór yfir starfsmannamál skólans. Búið er að auglýsa fjórar lausar stöður kennara. Umsóknarfrestur rann út í gær. Staða aðstoðarskólastjóra er laus til umsóknar og hefur starfandi aðstoðarskólastjóri sagt starfi sínu lausu og sótt um fullt starf sem kennari.

3. Samband íslenskra sveitarfélaga - bréf v. kostnaðar foreldra á ritföngum og öðrum gögnum v. skólagöngu barna. – 1605031

Kynnt bréf Sambands Íslenskra sveitarfélaga um kostnað foreldra vegna skólagöngu barna. Þar kemur ábending um að skólaganga barna á að vera gjaldfrjáls samkvæmt lögum en í flestum skólum þurfa foreldrar að kaupa einhver skólagögn fyrir börnin sín, s.s ritföng. Miklar umræður spunnust um máli og nefndin mun kanna málið á sínu skólasvæði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30



Kristín Ingibjörg Lárusdóttir

Guðmundur Haukur Jakobsson

Bergþór Pálsson

Kristín Jóna Sigurðardóttir

Lilja Jóhanna Árnadóttir

Þórhalla Guðbjartsdóttir
